

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 511, 26. maí 2005, um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu sjávareldisdýra og afurða þeirra.**

1. gr.

1. mgr. 19. gr. verður svohljóðandi: Eldisdýr og eldisafurðir verða að koma frá þriðju ríkjum eða hlutum þeirra sem eru taldir upp í skrá sem birt er með auglýsingu frá sjávarútvegsráðuneytinu.

2. gr.

1. mgr. 20. gr. verður svohljóðandi: Fyrir hvert þriðja ríki skulu eldisdýr og eldisafurðir fullnægja þeim heilbrigðisskilyrðum sem birt eru með auglýsingu frá sjávarútvegsráðuneytinu.

3. gr.

Við 22. gr. bætist eftirfarandi málsgrein: Við framkvæmd eftirlits og skoðana samkvæmt þessari reglugerð skal jafnframt fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 849/1999 og reglugerðar nr. 513/2005.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. júní 2006.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Ásta Einarsdóttir.*